

Ársskýrsla Landshlutadeildar félagsráðgjafa

á Suðurnesjum

Starfsárið 2012-2013



Stjórn:

Arndís Hálfdanardóttir, félagsráðgjafi

Ása Eyjólfsdóttir, félagsráðgjafi

María Rós Skúladóttir, félagsráðgjafi

Sara Dögg Gylfadóttir, félagsráðgjafi

Efnisyfirlit

Inngangur formanns Landshlutadeildar.....	3
Um deildina.....	3
Starf stjórnar	4
Starfsárið 2012-2013.....	4
Fjármál deildarinnar.....	5



Inngangur formanns

Suðurnesjadeildin hefur stækkað og eflst á þessu ári. Metnaðarfull vinna hefur einkennt starf deildarinnar og fjölgar félögum jafnt og þétt. Suðurnesjadeild félagsráðgjafa er mikilvægur vettvangur fyrir fræðslu og eflingu faglegra tengsla. Starf deildarinnar hefur einnig eflt samstarf og samkennd þeirra félagsráðgjafa sem þar starfa. Nemar frá félagráðgjafadeild Háskóla Íslands hafa verið þó nokkrir í starfsþjálfun á svæðinu og munu nokkrir þeirra ganga í félagið á komandi mánuðum.

Formaður vill þakka stjórninni gott samstarf og félagsmönnum fyrir góða mætingu á þá viðburði sem að deildin hefur staðið fyrir. Einnig þakkar formaður sérstaklega þeim stjórnarmanni sem lætur af störfum.

Landshlutadeild félagsráðgjafa á Suðurnesjum

Landshlutadeild félagsráðgjafa á Suðurnesjum var stofnuð í nóvember 2009. Stofnfélagar voru þá 14 en í dag eru félagar í deildinni ríflega 20 og fer sú tala vaxandi. Félagsmenn vinna á sjö starfsstöðum bæði á suðurnesjum og utan svæðisins og eru þær sem hér segir:

- Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar
- Félagþjónusta Sandgerðisbæjar, Sv. Garðs og Voga
- Félagþjónusta og fræðslusvið Grindavíkur
- Virk starfsendurhæfingarsjóður
- Samvinna starfsendurhæfing á Suðurnesjum
- Björgin geðræktarmiðstöð
- Icelandair

Starf stjórnar

Haldnir voru reglulegir stjórnarfundir sem voru að jafnaði einu sinni í mánuði. Haldnir voru fræðslufundir fyrir félagsmenn en deildin hefur lagt það í vana sinn að bjóða öðrum fagstéttum á slíka viðburði.

Stjórn Suðurnesjadeildarinnar er nú þessi:

Formaður: María Rós Skúladóttir

Gjaldkeri: Ása Eyjólfsdóttir

Meðstjórnandi: Sara Dögg Gylfadóttir

Ritari: Arndís Hálfanardóttir

Starfsárið 2012-2013

Í mars 2012 var haldin aðalfundur þar sem breytingar urðu á stjórn félagsins. Úr stjórninni fóru Elva Hrund Guttormsdóttir og Guðrún Björg Sigurðardóttir. Nýjar inn í stjórnina komu Ása Eyjólfsdóttir og Arndís Hálfanardóttir. Haldnir voru reglulegir stjórnarfundir að jafnaði einu sinni í mánuði. Starfssemi félagsins lá niðri yfir sumartímann en í september var haldinn stjórnarfundur með ferðanefndinni þar sem ákveðið var að fara í námsferð til Boston í mars 2013 en slík ferð hafði verið til umræðu um þó nokkurn tíma.

Í október 2012 var haldinn fræðslufundur þar sem María Rúnarsdóttir þá nýkjörinn formaður félagráðgjafafélags Íslands kom í heimsókn. Sá fundur var fjölmennur og sköpuðust líflegar umræður.



Einnig var í október haldið skemmtikvöld vegna námsferðar til Boston, þar sem tilgangurinn var að hrista hópinn saman. Í desember var Jólafundur deildarinnar haldinn og boðið var upp á veitingar og skemmtiatriði. Í janúar 2013 fóru Ása Eyjólfsdóttir og María Rós Skúladóttir í heimsókn inn á skrifstofu félagsráðgjafafélags Íslands og voru ýmis mál er varða landshlutadeildina rædd þar. Í febrúar 2013 var haldinn opinn fræðslufundur fyrir fagaðila á Suðurnesjum. Þar kynntu þeir namar í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands meistara ritgerðir sínar. Fundurinn var vel sóttur og góður rómur gerður að honum.

Fjármál deildarinnar

Í viðmiðunarreglum FÍ fyrir árið 2010-2011 kemur fram að hver fag- og landshlutadeild geti fengið styrk, allt að 100.000 krónur fyrir hvert starfsár. Þær deildir sem að fá úthlutað styrk geta ákveðið að færa allan eða hluta styrksins yfir á næsta starfsár á eftir. Útgjöld deildarinnar voru eftirfarandi:

Dagsetning	Viðburður	Úttektarstaður	Tekið út af	Upphæð
9.2.2012	Fræðslufundur landshlutadeildar	Hólmgarður	María Rós	2.874
2.10 2012	Fundur með formanni FÍ	Nettó	María Rós	2.894
12.10.2012	Skemmtikvöld v. Boston ferðar	Kostur	Ása	5.284
6.12.2012	Skemmtiatriði á jólafundi		Sara Dögg	15.000
7.12.2012	Jólafundur landshlutadeildar	Nettó	Arndís	15.373
				41.425 Samtals

Um áramótin 2011/2012 fluttust kr. 45.645 frá árinu 2011 sem eftir varð af úthlutun fjármagns árið 2011 yfir á árið 2012.

Farið verður fram á það að 100.000 krónur sem eftir varð af úthlutun fyrir árið 2012 verði færður yfir á starfsárið 2013-2014.